

Fundargerð 289. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 12. febrúar 2009, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Eygló Kristjánsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

**Dagskrá:**

**Fundargerðir:**

1. Fundargerð hreppsnefndar 8. janúar 2009. Samþykkt.
2. Fundargerð hreppsnefndar 30. Janúar 2009. Samþykkt.

**Til afgreiðslu:**

1. Tölvupóstur dags. 16. Janúar s.l. frá ASÍ til Sambands ísl. sveitarfélaga með hugmynd um að sveitarfélög bjóði atvinnulausu fólki aðgang að sundlaugum án endurgjalds. Samþykkt að veita atvinnulausum íbúum Reykhólahrepps frían aðgang að Grettislaug árið 2009.
2. Bréf dags. 14. jan. s.l. frá Skipulagsstofnun með beiðni um umsögn um hvort sveitarfélagið telji að vegagerð á milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði sé háð mati á umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn Reykhólahrepps telur að umrædd framkvæmd þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.
3. Samþykki auglýsingar um skrá Reykhólahrepps skv. 5.-8. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmann. Auglýsingin samþykkt.
4. Tölvupóstur dags. 28. janúar s.l. frá Melrakkasetri Íslands um leyfi til merkinga á steingildrum (fornar refagildrum) sem hugsanlega finnast í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leiti erindið, en bendir á að hafa samráð við landeigendur.
5. Bréf dags. 21. janúar s.l. frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra með beiðni um styrk vegna sumar- og helgardvalar fatlaðra barna og ungmenna í Reykjadal, Mosfellsbæ. Samþykkt að verða við styrkbeiðninni.
6. Tölvupóstur dags. 4. febrúar s.l. frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða um greiningu viðskiptatækifæra í tengslum við hugsanlega iðngarða á Reykhólum. Samþykkt að leggja kr. 300.000 í verkefnið.

7. Bréf dags. 3. febrúar s.l. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um XXIII. landsþing Sambandsins þann 13. mars. n.k. Rebekka Eiríksdóttir kjörin varafulltrúi á þingið.
8. Bréf dags. 12. janúar s.l. frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu varðandi hugsanleg kaup Reykhólahrepps á hluta jarðarinnar Reykhóla. Gústafi og Óskari falið að koma með tillögu að gagntilboði til ráðuneytisins.
9. Samningur við Búnaðarsamtök Vesturlands um búfjáreftirlit í Reykhólahreppi. Samþykktur.
10. Bréf dags. 2. febrúar s.l. frá sýslumanninum á Patreksfirði með beiðni um umsögn sveitarfélagsins vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi fyrir Álftaland. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við endurnýjun á rekstrarleyfinu.

#### **Mál til kynningar:**

1. Bréf dags. 16. janúar s.l. frá Bændasamtökum Íslands um bótarétt vegna framkvæmda í almannabágu og framkvæmda eignarnáms. Kynnt.
2. Bréf dags. 2. janúar s.l. frá Samgönguráðuneytinu vegna frestunar á afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Kynnt.
3. Kaupsamningur vegna sölu á hluta Suðurbrautar 5 til Björgunarsveitarinnar Heimamanna. Kynnt.
4. Bréf dags. 29. janúar s.l. frá Fjórðungssambandi vestfirðinga um að 54. Fjórðungsþing verði haldið á Ísafirði 4. og 5. sept. 2009. Kynnt.
5. Bréf dags. 27. janúar s.l. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um megináherslur í úrgangsmálum. Kynnt.
6. Bréf dags. 27. janúar s.l. frá Skólastjórafélagi Vesturlands með áskorun um að sveitarfélög standi vörð um starf grunnskólanna á svæðinu. Kynnt.
7. Afrit bréfs dags. 26. janúar s.l. frá Skógrækt ríkisins til Skipulagsstofnunar með umsögn Skógræktarinnar um matskyldu vegagerðar milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Kynnt.

#### **Önnur mál.**

1. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga, umboð. Ákveðið að Gústaf Jökull oddviti fari með atkvæðarétt Reykhólahrepps á aðalfundinum.

Fundi lokað, þar sem trúnaðarupplýsingar voru lagðar fram í sambandi við leikskólamálin.

2. Húsnæðismál leikskólans. Ákveðið að taka efri hæð gamla skólans undir starfsemi leikskólans.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:45.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Eygló Kristjánsdóttir (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)